

11. gr.

44

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885, sbr. 12. gr. laga nr. 102, 19. júní 1933. 16. maí

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt þessari skal sá, er sekur verður, greiða 10—200 kr. sekt, er rennur í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi numdar samþykkt nr. 14, 16. marz 1926, og samþykkt um breyting á þeirri samþykkt, nr. 86, 18. sept. 1930, og ennfrémur samþykkt nr. 89, 19. sept. 1931 um viðauka við samþykkt nr. 86, 18. sept. 1930, allar um sýsluvegasjóð í Skagafjarðarsýslu.

Samþykkt þessi sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. maí 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

45

fyrir Skagafjarðarsýslu um mat á heyi til sölu.

23. maí

1. gr.

Allt hey, sem selt er kaupanda utanhrepps, eða út úr sýslunni, skal metið og flokkað nema aðiljar séu á annað sáttir. Heimatsmenn skulu einnig hafa umsjón með geymslu heys á matsstað, útskipunarstað eða útflutningsstað eftir að mat fer fram, og með útskipun og meðferð þess, sé það flutt með skipum, og er seljendum eða útflytjendum heysins skylt að hlýða fyrirmælum þeirra um það.

Hverri heysendingu skal fylgja vottorð um að heyið sé skoðað og flokkað eftir réttum reglum og samrit af vottorðunum fylgja farmskránni ef heyið er sent með skipum. Skal sýslumaður eða hreppstjóri votta með undirskrift sinni, að löglega skipaður heimatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sé hreppstjóri sjálfur seljandi heysins eða ekki búsettur á sölustaðnum eða útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

45

23. maí

2. gr.

Heymatsmenn skulu vera á eftirgreindum stöðum: Selvík, Sauðárkróki, Kolkuósi, Hofsósi, Lónkotsmöl og Haganesvík. Þó skal heimilt að skipa heymatsmenn víðar ef þurfa þykir.

Heymat skal að jafnaði fara fram á útskipunar- eða útflutningshöfn, en sé um innanhéraðssölu að ræða, fari matið fram þar sem kaupandi og seljandi koma sér saman um.

3. gr.

Lögreglustjóri skipar heymatsmenn og setur þeim erindisbréf og skulu þeir undirrita drengskaparheit áður en þeir taka við starfi sínu, um að þeir vilji rækja það af alúð og samvirkusemi.

4. gr.

Allt hey skal flokkað eftir tegundum þannig: Taða, stór og fergin, annað úthey.

Hverri tegund skal ennfremur skipað í þrjá matsflokka eftir gæðum, svo sem hér segir:

I. Snemmslegið og vel verkað hey.

II. Snemmslegið miðurverkað hey og síðslegið velverkað hey.

III. Síðslegið miðurverkað hey og snemmslegið illaverkað hey.

Taða eða stór og fergin, sem blandað er öðrum heyttegundum svo nokkru nemi, telst aldrei til fyrsta flokks.

5. gr.

Allt metið hey, sem flytja á út úr sýslunni, skal virbundið eða umbúið á álíka tryggilegan hátt, og skal merkja hvern bagga sem hér segir:

Taða skal merkt eftir gæðum þannig: T. I, T. II og T. III.

Stór og fergin: S. F. I, S. F. II. og S. F. III.

Annað úthey: Ú. I, Ú. II. og Ú. III.

Heymatsmenn meta hvort hey er í fullnægjandi umbúðum og sjá um merkingu þess.

6. gr.

Matsmenn fá í kaup eina krónu um hverja klukkustund, sem þeir eru við vinnu, hvort sem það er við mat heys eða umsjón við geymslu og framskipun þess. Þurfi þeir að ferðast til matsstarfa ber þeim sama borgun fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar fram og aftur, svo og farkostur.

Sendandi annast um greiðslu matskostnaðar.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 500 krónum, er renna í sýslusjóð.

Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lög-reglumál.

8. gr.

45

23. maí

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júní 1934 og gildir fyrir Skagafjarðarsýslu. Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 21, 19. júní 1933, um samþykktir um mat á heyi til sölu, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1934.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

46

25. maí

um útflutning á verkuðum og óverkuðum saltfiski.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum, útgefnum í dag, skipar ríkisstjórnin svo fyrir, að viðlögðum sektum samkvæmt lögnum, að leyfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda verk- aðan eða óverkaðan saltfisk.

Þetta birtist hérmeð hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni.

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. maí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

47

28. maí

um lendingarsjóð í Súgandafirði.

1. gr.

Af bátum allt að 60 smálestum, er ganga til fiskveiða í Súgandafirði, skal greiða í lendingarsjóð 1 kr. 50 au. af hverjum vertíðarhlut.

2. gr.

Hreppsnefnd innheimtir gjald þetta; greiðir formaður það í peningum af óskiptum afla áður en vertíð er lokið í Súgandafirði. Innheimtumaður fær 2% í innheimtulaun. Taka má gjald þetta lögtaki, sé það eigi greitt á réttum tíma.

3. gr.

Hreppsnefndaroddviti semur skýrslu yfir alla þá, er gjald þetta eiga að greiða, og sendir hana oddvita sýslunefndar ásamt gjaldinu fyrir lok október- mánaðar ár hvert.